

Ed.

759. Lög

um friðun Þingvalla.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hjer segir:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
- c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.
- d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenadi hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþynging fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í rikiseign, sem til eru

greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óþjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr., eða einföldu fangelsi, alt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.